

Nefndarálit

við tillögu að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um fjármál Þjóðkirkjunnar nr. 13/2021-2022.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Frsm. Steindór R. Haraldsson.

Minni hluti fjárhagsnefndar hefur fjallað um málið á þskj. 22.

Þegar talað er um að „rita firmað“ jafngildir það, að viðkomandi hafi heimild til að taka ákvarðanir sem fela í sér skuldbindingu fyrir félagið. Þegar skilgreind eru valdmörk einstakra „laga“ í skipulagi horfa menn jafnan til fyrirbæris sem nefnist „umboðskeðjan“. Þau lögmál sem liggja að baki umboðskeðjunni eru almenn lögmál um góða stjórnarhætti og eru í sjálfu sér óháð því hvers konar félag er um að ræða; ehf., hf., ohf., almannaheillafélag eða hvað það skal vera. Mikilvægt er að valdmörk séu skýr og tryggi að saman fari ábyrgð og umboð til ákvarðana. Grípi „æðra stjórnvald“ (t.d. stjórn) fram fyrir hendurnar á ábyrgðaraðila (t.d. framkvæmdastjóra) sem lýtur því stjórnvaldi, þá færast ábyrgðin sjálfkrafa til þess er afskiptin hefur. Um leið kemur upp sú staða að mjög óljóst er hver í raun beri ábyrgð, því stjórn er fjölskipuð. Það hefur verið leyst þannig að allir stjórnarmenn eru ábyrgir fyrir ákvörðunum stjórnar. Þá kemur upp flókin staða um hvernig skuli staðið að ákvarðanatöku, því í raun þurfa allir stjórnarmenn að vera sammála, því allir bera jafna ábyrgð. Það getur flækt ákvarðanaferlið mjög og tafið ákvarðanir, sem geta valdið tjóni. Þar að auki er óljóst hver sé ábyrg(ur) fyrir framkvæmd viðkomandi ákvörðunar og því sem hún á að skila, því sá/sú sem ákvörðunina tekur, getur ekki falið öðrum ábyrgð á sinni eigin ákvörðun. Það verður líka mjög óljóst hvað teljist ákvörðun eða skuldbindandi undirritun/ákvörðun í daglegum rekstri sem þarf umboð stjórnar og í raun óframkvæmanlegt að stjórn úthluti framkvæmdastjóra umboði til undirritunar eftir hendinni. Enginn sem falin er ábyrgð daglegs rekstrar getur unnið við slík skilyrði, enda spurning hvort þá sé ekki betra að vera án framkvæmdastjóra og að stjórnin verði ígildi hans; taki allar ákvarðanir og feli starfsmönnum framkvæmd þeirra eftir atvikum. Það fyrirkomulag þekktist hvergi svo kunnugt sé nema í litlum félögum þar sem um mjög litla fjárhagslega eða rekstrarlega hagsmuni er að tefla.

Minni hlutinn telur ekki þörf á að samþykkja þetta mál. Allt um prókúru og firmaritun er að finna í landslögum um hin ýmsu félagsform. Þar er alls staðar kveðið á um að hægt sé að framselja heimild til að rita firmað. Þetta ákvæði er hins vegar ekki að finna álit í meiri hluta fjárhagsnefndar. Hvort sem það er að yfirlögðu ráði eða ekki þá er hér um mikið vantraust á framkvæmdastjórnann að ræða. Ég tel líka að þessi tillaga gangi í berhöggi við þau lögmál sem liggja að baki umboðskeðjunni og almenn lögmál um góða stjórnarhætti. Minni hluti getur ekki tekið þátt í því.

Minni hluti fjárhagsnefndar leggur til að málið fái ekki framgang á kirkjuþingi.

Reykjavík, 14. nóvember 2023

Minni hluti fjárhagsnefndar

Steindór R. Haraldsson.